



Fundargerð 3. fundar stjórnar SSA 20. ágúst 2019

Fundurinn hófst kl. 13:00 og var hann haldinn í fundarsal Austurbrúar á Egilsstöðum. Mætt voru Einar Már Sigurðarson formaður, Gunnar Jónsson, Hildur Þórisdóttir, Stefán Bogi Sveinsson, Gauti Jóhannesson og Pálína Margeirsdóttir.

Boðuð var Sigríður Bragadóttir sem tilkynnti forföll. Í hennar stað var Stefán Grímur boðaður en forfallaðist einnig en gaf leyfi á að ná í sig í síma.

Mættir starfsmenn voru Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Gestur fundarins undir lið 2.1.7 var Þráinn Lárusson, stjórnarmaður í Austurbrú.

Formaður setti fundinn og var gengið til eftirfarandi dagskrár:

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir

- 1.1 Fundargerð frá 2. fundi stjórnar SSA 2019-2020 - til staðfestingar.
- 1.2 Fundargerðir frá 2. og 3. fundi framkvæmdaráðs SSA - til kynningar.
- 1.3 Fundargerð 54. fundar stýrihóps um byggðamál – til kynningar.
- 1.4 Fundargerðir stjórnar SSH (471,472), SSV (145,146), Vestfjarðastofu (Ársfundardagur – dagskrá, Ársfundur – fundargerð, stjórnarfundur nr. 18), SSNV (45,46), Eyþing (321,322,323), SASS (546,547), SSS (745) – til kynningar.
- 1.5 Fundargerð 871 og 872. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - til kynningar.
- 1.6 Fundargerð stjórnar SV-Aust 29. maí - til kynningar.
- 1.7 Fundargerð frá 1. fundi samgöngunefndar SSA 2019-2020 – til kynningar.

2. Innra starf SSA

2.1 Ýmsir fundir og innkomin erindi – til kynningar

- 2.1.1 Sumarfundur landshlutasamtakanna á Norðurlandi vestra
- 2.1.2 Samstarfsvettvangur sveitarfélaganna um heimsmarkmiðin og loftslagsmál
- 2.1.3 Samþykkt sambandsins vegna erindis ASÍ
- 2.1.4 Bréf frá Skógræktinni til sveitarfélaga (og landshlutasamtaka)
- 2.1.5 Heilbrigðisstefna til ársins 2030 – opinn kynningarfundur
- 2.1.6 Fundur samgönguráðherra með stjórn SSA og bæjarstjórum á Austurlandi þann 14. ágúst – munnleg kynning
- 2.1.7 Fundur framkvæmdaráðs með dómsmála, ferðamála, iðnaðar og nýsköpunarráðherra þann 15. ágúst – munnleg kynning
- 2.1.8 Aukalandsþing Sambandsins 6.sept 2019 – fundaboðun

2.2 Sóknaráætlun

- 2.2.1 Samningur um sóknaráætlun 2020-2024 DRÖG - til kynningar
- 2.2.2 Sóknaráætlun Austurlands – heimsmarkið til grundvallar – til samþykktar
- 2.2.3 Tillaga að aðilum í samráðshóp sem og drög að bréfi til aðila - til samþykktar
- 2.2.4 Fundadagsetningar tengt Sóknaráætlun Austurlands 2020-2024 – til kynningar

2.2.5 Úthlutun úr uppbyggingasjóði 2020 – undirbúningur að fagráðum og úthlutunarnefnd

2.3 Byggðaáætlunarverkefni

2.3.1 C9 – staða mála

2.3.2 C14 – samstarf safna – ábyrgðarsöfn - svarbréf lagt fram til kynningar

2.3.3 B7 – störf án staðsetningar – minnisblað SRN – til kynningar

2.4 Svæðisskipulag

2.4.1 Yfirferð yfir stöðu mála

2.5 Haustþing SSA

2.5.1 Drög að dagskrá

2.5.2 Verkefnalisti

3. Umsagnir

3.1 Stefna í úrgangsmálum

3.2 Grænbók, um stefnu stjórnvalda í málefnum flugrekstrar og flugtengdrar starfsemi á Íslandi

3.3 Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga

3.4 Drög að stefnu í málefnum einstaklinga með heilabilun

3.5 Áform um breytingar á lögum nr. 41/2015 um ívilnanir til nýfjárfestingar

3.6 Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

4 Önnur mál

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir

1.1. Fundargerð frá 2. fundi stjórnar SSA 2019-2020 - staðfest með undirritun.

1.2. Fundargerðir frá 2. og 3. fundi framkvæmdaráðs SSA – lagðar fram til kynningar.

1.3. Fundargerð 54. fundar stýrihóps um byggðamál – lögð fram til kynningar.

1.4. Fundargerðir stjórnar SSH (471,472), SSV (145,146), Vestfjarðastofu (Ársfundardagur – dagskrá, Ársfundur – fundargerð, stjórnarfundur nr. 18), SSNV (45,46), Eyþing (321,322,323), SASS (546,547), SSS (745) – lagðar fram til kynningar.

1.5. Fundargerð 871 og 872. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga – lagðar fram til kynningar.

1.6. Fundargerð stjórnar SV-Aust 29. maí – lögð fram til kynningar.

1.7. Fundargerð frá 1. fundi samgöngunefndar SSA 2019-2020 - lögð fram til kynningar.

2. Innra starf SSA

2.1 Ýmsir fundir og innkomin erindi – til kynningar

2.1.1 Sumarfundur landshlutasamtakanna á Norðurlandi vestra

Formaður kynnti niðurstöður fundar og sagði að umhverfis og sormál höfðu haft stórt vægi á fundinum.

2.1.2 Samstarfsvettvangur sveitarfélaganna um heimsmarkmiðin og loftslagsmál

Formaður kynnti málið og er SSA aðili að vettvangnum.

2.1.3 Samþykkt sambandsins vegna erindis ASÍ

- Lagt fram til kynningar.
- 2.1.4 Bréf frá Skógræktinni til sveitarfélaga (og landshlutasamtaka). Framkvæmdastjóri kynnti bréf frá Skógræktinni til sveitafélaganna.
 - 2.1.5 Heilbrigðisstefna til ársins 2030 – opinn kynningarfundur
Boð lagt fram til kynningar. Framkvæmdastjóra falið að reyna að koma á fundi með heilbrigðisráðherra.
 - 2.1.6 Fundur samgönguráðherra með stjórn SSA og bæjarstjórum á Austurlandi þann 14. ágúst.
Formaður fór yfir málið og stjórn ályktar eftirfarandi:

Stjórn SSA fagnar niðurstöðu nefndar um göng til Seyðisfjarðar sem ráðherra samgöngumála kynnti í síðustu viku og er í fullu samræmi við ályktanir SSA á aðalfundum undanfarin ár þar sem göng undir Fjarðarheiði hafa verið tilgreind sem forgangsverkefni í jarðgangnagerð. Stjórn SSA hvetur samgönguráðherra og alþingi til að tryggja að framkvæmdir sem nefndin leggur til hefjist á fyrsta tímabili samgönguáætlunar og undirbúningur hefjist strax á næsta ári. Þá er mikilvægt að framkvæmdum ljúki sem fyrst enda mun það leiða til byltingar í búsetuskilyrðum og uppbyggingu atvinnulífs á Austurlandi öllu.

Þá tekur stjórn SSA undir það sjónarmið að skoðaðar verði allar útfærslur á fjármögnun samgöngubóta á Austurlandi, á borð við jarðgöng og veg yfir Öxi, og þeim þannig flýtt.

- 2.1.7 Fundur framkvæmdaráðs með dómsmála, ferðamála, iðnaðar og nýsköpunarráðherra Þórdísi Kolbrúnu R. Gylfadóttur, Njáli Trausta Friðbertssyni og Sigríði Andersen þann 15. ágúst
Gestur fundarins undir þessum lið: Þráinn Lárusson, stjórnarmaður í Austurbrú.
Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir helstu málefni sem fram komu á fundi með ráðherra. Þar var kynnt staðan í ýmsum málum á Austurlandi auk þess sem málefni stofnana er starfa undir hennar ráðuneytum voru rædd.
- 2.1.8 Aukalandsþing Sambandsins 6.sept 2019 – Boð lagt fram til kynningar.
Formaður og framkvæmdastjóri munu sækja þingið fyrir hönd SSA.

2.2 Sóknaráætlun

- 2.2.1 Samningur um sóknaráætlun 2020-2024 DRÖG
Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna í samningagerðinni.
- 2.2.2 Sóknaráætlun Austurlands – heimsmarkið til grundvallar áætluninni.
Framkvæmdastjóri fór yfir heimsmarkmiðin sem notuð verða til grundvallar við vinnu á Sóknaráætlun Austurlands. Stjórn samþykkir að þessi markmið skuli liggja til grundvallar áætluninni.
- 2.2.3 Tillaga að aðilum í samráðshóp sem og drög að bréfi til aðila.
Stjórn samþykkir samráðsvettvanginn. Stjórnarmenn munu yfirfara nafnalistann og senda viðbótanöfn ef einhver eru á framkvæmdastjóra. Í framhaldinu er framkvæmdastjóra falið að senda út fundarboð til þessara aðila.

- 2.2.4 Fundadagsetningar tengt vinnslu við Sóknaráætlun Austurlands 2020-2024
Framkvæmdastjóri lagði dagsetningarnar fram til kynningar.
- 2.2.5 Úthlutun úr uppbyggingasjóði 2020 – undirbúningur að fagráðum og úthlutunarnefnd.
Framkvæmdastjóra og yfirverkefnastjóra var falið að leggja grunn að fagráðum og úthlutunarnefndum fyrir fund stjórnar þann 1. október.

2.3 Byggðaáætlunarverkefni

- 2.3.1 C9 – staða mála
Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála. Var henni og Sæunni hjá stofnun rannsóknasetra og Kristínu hjá Náttúrustofu Austurlands falið að útfæra verkefnið í samræmi við umræðuna á sambærilegan hátt og verkefnið er útfært á Suðurlandi. Stefnt er að því að kynna þá útfærslu á næsta fundi stjórnar.
- 2.3.2 C14 – samstarf safna – ábyrgðarsöfn
Framkvæmdastjóri sagði frá því að ekkert svarbréf hefði borist frá menntamálaráðuneytinu.
- 2.3.3 B7 – störf án staðsetningar – minnisblað SRN
Framkvæmdastjóri fór yfir minnisblaðið sem var lagt fram til kynningar

2.4 Svæðisskipulag

- 2.4.1 Yfirferð yfir stöðu mála
Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála en nú hafa allar bókanir sveitarfélaga skilað sér til Skipulagsstofnunar.

2.5 Haustþing SSA

- 2.5.1 Drög að dagskrá
Framkvæmdastjóri kynnti drög að dagskrá Haustþings.
Farið yfir tillögur að ávörpum, tímasetningum og öðru er tengist dagskrá fundarins.
- 2.5.2 Verkefnalisti
Framkvæmdastjóri fór yfir verkefnalista vegna Haustþings.
Ákveðið var að vinna að undirbúningi ályktana með þeim hætti að framkvæmdastjóra var falið að senda póst á sveitastjórnir þar sem þeim er boðið að senda inn efni og ábendingar fyrir stjórn til að vinna úr á næsta fundi stjórnar. Skilafrestur fyrir ábendingar verður 5. september nk.

Gunnar Jónsson yfirgaf fundinn (kl 15.31)

3. Umsagnir

- 3.1 Stefna í úrgangsmálum
Stjórn var sammála um að það væri í höndum sveitafélaganna að senda inn umsögn vegna þessara mála.
- 3.2 Grænbók, um stefnu stjórnvalda í málefnum flugrekstrar og flugtengdrar starfsemi á Íslandi
Framkvæmdastjóri fór yfir vinnu við gerð umsagnar. Unnið verð áfram að áherslum í umsögninni í samræmi við umræðuna á fundinum.



- 3.3 Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga
Stjórn var sammála um að það væri sveitarfélaganna að senda inn umsögn um þetta mál.
- 3.4 Drög að stefnu í málefnum einstaklinga með heilabilun
Framkvæmdastjóri vakti athygli á þessum drögum.
- 3.5 Áform um breytingar á lögum nr. 41/2015 um ívilnanir til nýfjárfestingar
Framkvæmdastjóri vakti athygli á þessum breytingum.
- 3.6 Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu
Framkvæmdastjóri vakti athygli á þessum gögnum í samráðsgáttinni.

4 Önnur mál

Engin önnur mál.

Næsti fundur verður 10. september.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 16:00

Einar Már Sigurðarson

Gunnar Jónsson

Hildur Þórisdóttir

Gauti Jóhannesson

Stefán Bogi Sveinsson

Pálína Margeirsdóttir